

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Elkem Ísland ehf. Hvalfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	22.12.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
<b>Fyrirtæki</b>	Elkem Ísland ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Heimili</b>	Grundartanga	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið seinna eftirlit
<b>Kennitala</b>	6406750209	<b>Flokkur</b>	Kísilverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sigurjón Svavarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	24.10.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Þorsteinn Hannesson	<b>Staðsetning</b>	365514,62 431317,984

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundið eftirlit ársins hjá Elkem Ísland ehf. Ekki komu fram nein ný frávik við eftirlitið og engar athugasemdir voru gerðar við starfsemina.

Enn eru útistandandi þrjú eldri frávik; vegna geymslu á rafskautamassa, vegna deiglubrots og vegna rykmælinga frá minni ryk uppsprettum.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir útistandandi frávik. Í síðasta eftirliti kom fram að rafskautamassi væri geymdur óvarinn á óbundnu slitlagi á lóð fyrirtækisins. Fram kom í eftirlitinu að allur rafskautamassi væri kominn inn fyrir utan 400 tonn af gölluðum massa sem geymdur væri niðri á höfn. Kom fram að fyrirtækið væri að vinna í að fá húsnæði til að geyma efnið og ef það myndi ekki ganga yrði það settur í gáma. Er þetta frávik því enn útistandandi.

Fram kom í eftirlitinu að ekki væri unnið samkvæmt úrbótaáætlun vegna fráviks vegna deiglubrota á lóð þar sem deigluarnar væru ekki vættar fyrir brot. Í úrbótaáætluninni kom fram að væta ætti deigluarnar áður en brotið væri úr þeim meðan ekki væri búið að finna þessu verki stað innandyra. Þarf því að skila inn nýrri úrbótaáætlun þar sem fram þarf að koma hvernig leyst verður út þessu frávikum en það er enn útistandandi.

Í eftirliti í júní 2016 kom fram frávik vegna þess að ekki var búið að mæla ryk frá minni ryk uppsprettum. Var farið heildstætt yfir mælingar samkvæmt mæliáætlun og kom fram að ekki væri búið að mæla í tveimur litlum ryk uppsprettum sökum tæknilegra erfiðleika. Er þetta frávik því enn útistandandi. Rekstraraðili leggur til að notast verði við niðurstöður úr öðrum sambærilegum ryk uppsprettum. Verður það fyrirkomulag metið í næsta reglubundna eftirliti.

Farið var yfir þær kvartanir er borist hafa frá síðasta eftirliti.

Rætt var um notkun á eftirlitsmyndavélum er fylgjast með virkni reykhreinsivirkja ásamt losunarmörkum fyrir ál í frárennsli í samhengi við endurskoðun starfsleyfis fyrirtækisins.

Gerðar hafa verið mælingar á ryklosun við sængursteypu og samkvæmt þeim mælingum fer ryklosun yfir mörk í starfsleyfi þegar steypt er í sæng. Kom fram í eftirlitinu að ekki hefur verið steypt í sæng síðan í mars 2017 og er ekki reiknað með að sú aðferð verði notuð frekar. Verði notast við sængursteypingu mun það vera frávik frá starfsleyfi.

Farið var í skoðunarferð um verksmiðjuna.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.02.2018

Sverrir Aðalsteinn Jónsson